

Jan Erik Lidström afhent heiðursmerki SÍB á 42. þingi 26. apríl 2004.



Við setningu 42. þings SÍB 26. apríl 2004 var Jan Erik Lidström framkvæmdastjóri NFU, norrænna samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja sérstaklega heiðraður fyrir störf í þágu SÍB.

Stjórn SÍB hafði áður samþykkt einróma að veita honum gullmerki SÍB, en það er eingöngu veitt þeim sem unnið hafa sérlega mikið starf í þágu SÍB. Fram til þessa hefur gullmerki SÍB eingöngu verið veitt fyrrum formönnum SÍB.



Við afhendinguna þakkaði Friðbert Traustason formaður SÍB Jan Erik sérstaklega fyrir ötult starf og hjálpssemi við SÍB í þau fjölmörgu ár sem Jan Erik hefur verið í forsvari fyrir samtök norrænna starfsmanna fjármálafyrirtækja eða alls um 30 ár. Hann hefur frá upphafi verið ötull talsmaður samstarfs og samvinnu þessa hóps. Nú síðast hefur þetta samstarf einnig náð til Eystrasaltslandanna með yfirtöku norrænna banka á þarlandum fyrirtækjum.